

REGLUR

um viðurkenningu Háskólans á Akureyri (HA) á akademísku hæfi starfsmanna Sjúkrahússins á Akureyri (SAK) og veitingu akademískrar nafnbótar við Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri (HHA).

1. gr.

Veiting akademískrar nafnbótar.

Markmið með veitingu akademískrar nafnbótar er að styrkja og dýpka samstarf SAK (og eftir atvikum annarra heilbrigðisstofnana á Norður- og Austurlandi) og HA á sviði rannsókna og kennslu, með því að háskólamenntuðu starfsfólki SAK gefist færi á að sinna akademískum verkefnum í samstarfi við HA, skv. samningi á milli nafnbótarhafa og HHA, sem stuðlað geta að aukinni rannsóknavirkni í þágu háskólans og sjúkrahússins og birtingu vísindaniðurstaða í nafni beggja stofnana þ.e. HA og SAK.

Háskólamenntuðu starfsfólki SAK, með aðalstarf á SAK, er heimilt að sækja um viðurkenningu HA á akademísku hæfi sínu, enda séu þeir ekki þegar ráðnir til HA í starf háskólakennara eða sérfræðings þar sem hæfisdóms er krafist. Rektor HA veitir akademískar nafnbætur við HHA að fenginni tillögu forseta heilbrigðisvísindasviðs og áliti dómnefndar HA. Nafnbót er veitt til 5 ára en fellur niður hætti starfsmaður starfi á SAK eða er ekki í aðalstarfi þar.

Viðurkenning á akademísku hæfi veitir akademíska nafnbót eftir því sem mælt er fyrir um í reglum þessum. Akademískri nafnbót verður ekki jafnað til ráðningar í starf háskólakennara eða sérfræðings við HA, sbr. 17. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og grein 3.2.1.1. skv. ramma-samningi Sjúkrahússins á Akureyri og Háskólans á Akureyri. Nafnbótin veitir ekki önnur réttindi en þau sem kveðið er á um í reglum þessum og rammamningi HA og SAK frá 10. maí 2017.

Þeir sem ráðnir eru við HA og hafa hlotið hæfisdóm geta ekki sótt um viðurkenningu á akademísku hæfi sínu samkvæmt þessum reglum.

2. gr.

Akademísk nafnbót.

Akademísk nafnbót er veitt í tengslum við HHA. Nafnbótin er veitt á grundvelli mats dómnefndar HA og tillögu til rektors frá forseta heilbrigðisvísindasviðs í kjölfar dómnefndarálits. Háskólamenntað starfsfólk SAK sem hefur öðlast viðurkenningu á akademísku hæfi og telst ótvírætt uppfylla skilyrði til að gegna lektors-, dósent- eða prófessorsstöðu, má kalla sig klínískan lektor, klínískan dósent eða klínískan prófessor.

Heimilt er að veita starfsmönnum heilbrigðisstofnana, annarra en SAK, akademískar nafnbætur, sbr. 1. mgr., enda sé gert ráð fyrir því í samstarfssamningi sem HA hefur gert við viðkomandi stofnun.

3. gr.

Umsókn um viðurkenningu á akademísku hæfi.

Sjúkrahúsið á Akureyri (og eftir atvikum aðrar heilbrigðisstofnanir með samstarfssamning við HA) í samráði við stefnunefnd SAK og HA kynna reglulega að unnt sé að sækja um akademíska nafnbót. Fram komi að tekið sé við umsóknum hjá skrifstofu rektors HA og hvaða reglur gildi um meðferð þeirra, m.a. að umsækjendur skuli gera grein fyrir samstarfi eða fyrirhuguðu samstarfi við HA og eftir atvikum við aðra háskóla, tiltaka samstarfsaðila, samstarfsverkefni og helstu markmið þeirra. Umsókn skal uppfylla sömu skilyrði og hverju sinni eru í gildi varðandi umsóknir um laus störf og framgang, sbr. reglur nr. 258/2016 um störf dómnefndar og ráðningar akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri og reglur nr. 1010/2016 um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri.

4 gr.

Málsmeðferð.

Skrifstofa rektors felur stjórn-sýslu rannsókna Háskólans á Akureyri að annast meðferð umsókna og að eiga samskipti við umsækjendur og dómnefnd. Stjórn-sýsla rannsókna HA sannreynir hvort umsækjandi uppfyllir skilyrði samkvæmt reglum þessum. Ef fyrir liggur að umsækjandi uppfyllir ekki akademísk hæfisskilyrði, er rektor heimilt að hafna umsókninni. Að öðrum kosti vísar stjórn-sýsla rannsókna HA umsókninni til meðferðar hjá dómnefnd HA.

Um mat á hæfi umsækjenda og meðferð dómnefndar og stjórn-sýslu rannsókna HA á málinu að öðru leyti, gilda eftir því sem við á:

Reglur fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009.

Reglur um störf dómnefndar og ráðningar akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri nr. 258/2016.

Reglur um framgang og ótímabundna ráðningu akademískra starfsmanna við Háskólann á Akureyri nr. 1010/2016.

Þegar álit dómnefndar liggur fyrir skal forseti heilbrigðisvísindasviðs gera tillögu til rektors um hvort gefa skuli út viðurkenningu á hæfi umsækjanda og þá hvaða akademíska nafnbót skuli veita. Með tillögunni fylgi í öllum tilvikum drög samnings á milli umsækjanda og forseta heilbrigðisvísindasviðs í samráði við stefnunefnd SAK og HA, þar sem fram komi markmið samstarfs og réttindi og skyldur sem við geta átt, sbr. 1. og 5. gr. þessara reglna.

Viðurkenning á akademísku hæfi gildir í fimm ár frá veitingu nafnbótar, en fellur niður láti viðkomandi af störfum við SAK eða sé þar ekki í aðalstarfi (sama á við aðra nafnbótarhafa hjá öðrum heilbrigðisstofnunum sem HA hefur gert samstarfssamning við) eða ef nafnbótarhafi tekur við akademísku starfi við HA. Nafnbótarþegi getur óskað eftir framlengingu á nafnbót á 5 ára fresti með staðfestingu stjórn-sýslu rannsókna við HA á að skýrslu og stigamati hafi verið skilað árlega skv. 5. gr. ásamt endurnýjuðum samningi umsækjanda og forseta heilbrigðisvísindasviðs í samráði við stefnunefnd SAK og HA. Umsóknir um framgang úr lektorsnafnbót í dósentsnafnbót eða dósentsnafnbót í prófessorsnafnbót skulu teknar til umfjöllunar með sama hætti og um væri að ræða nýja umsókn.

5. gr.

Samningur um akademíska nafnbót.

Þegar fyrir liggur viðurkenning rektors á akademísku hæfi umsækjanda gengur forseti heilbrigðisvísindasviðs HA, að höfðu samráði við stefnunefnd SAK og HA, frá samningi við viðkomandi starfsfólk SAK um þau akademísku réttindi og skyldur sem nafnbótinni fylgja, svo sem um þátttöku í kennslu og rannsóknum. Þar komi fram að hvaða verkefnum skal unnið, hverjir eru samstarfsaðilar og hver markmiðin eru með samstarfinu, að birting vísindagreina sé í nafni beggja stofnana og eftir atvikum önnur atriði, svo sem kennsla, verkefnastjórnun, aðstaða, aðgangur að gögnum og tækjum. Þá skal kveðið á um að viðkomandi starfsmaður hlíti reglum um gæðamat á störfum, eftir því sem við getur átt. Nafnbótarhafa er meðal annars skylt að skila árlegri skýrslu um störf sín ásamt stigamati fyrir 1. febrúar til stjórn-sýslu rannsókna Háskólans á Akureyri.

Samningurinn er til fimm ára í senn og fylgir nafnbótinni sem veitt hefur verið. Í desember ár hvert skal stjórn-sýsla rannsókna HA kynna fyrir HHA og háskólaráði hverjum hefur verið veitt akademísk nafnbót á liðnu ári og árangur samstarfsins.

Akademískri nafnbót fylgir ekki réttur til þess að sækja um framlög úr vísindasjóðum HA sem aðalumsækjandi en nafnbótarhafar geta verið meðumsækjendur á slíkri umsókn. Deild innan heilbrigðisvísindasviðs getur heimilað styrki úr sérstökum sjóðum í vörslu deildar, samkvæmt skipulags-skrá viðkomandi sjóðs. Um seturétt á fundum og önnur slík atriði fer eftir reglum heilbrigðisvísindasviðs HA.

6. gr.

Gildistaka og endurskoðun.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og rammasamnings, dags. 10. maí 2017, milli HA og SAK, öðlast þegar gildi. Reglurnar skulu endurskoðaðar fyrir lok árs 2020 í samráði við stefnunefnd SAK og HA.

Háskólanum á Akureyri, 22. febrúar 2018.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.

Eydís Kr. Sveinbjarnardóttir,
varaformaður háskólaráðs.

B-deild – Útgáfud.: 19. mars 2018